

Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.

MELAR 2023



Efnisyfirlit

	bls.
1. Yfirlýsing stjórnar	2
Þróun umhverfismála	
Undirritun stjórnar félagsins	
2. Ályktun óháðs endurskoðanda.....	4
Ályktun og áritun PWC	
3. Almennar upplýsingar	5
Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit	
Stjórn félagsins	
4. Umhverfisstefna Stjörnugríss hf.	6
5. Lykiltölur um umhverfismál	7
Hráefnis og auðlindanotkun	
Framleiðsluferill starfseminnar	
Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur	

Skýrsla um “Grænt bókhald” hjá Stjörnugrís hf.

1. Yfirlýsing stjórnar:

Þróun umhverfismála 2023

Engar grundvallar breytingar hafa verið á rekstri á Melum síðastliðna tvo áratugi þ.e. starfsemin er miðuð við uppeldi á grísum frá 7-100 kg. Allur tækjabúnaður sem notaður er við fóðrun dýranna er vel viðhaldið og engar stórvægar bilanir eða óhöpp komið upp á. Góð staðbundin þekking á gangvirkni búnaðar er til staðar.

Lítilsháttar óhapp varð á árinu þegar rör var stíflað á milli tanka. Það var tilkynnt til UST og telst óverulegt. Óverulegt magn af seyru sem lak út. Svæðið var hreinsað og umhverfi bætt.

Hitaveita kom í stað olíuketils í byrjun árs. Þau orkuskipti gengu mjög vel fyrir sig og núna er einungis notað heitt vatn úr hitaveitu til kyndingar bæði á svínabúinu og starfsmannahúsum félagsins. Stórt skref var því tekið í umhverfismálum búsins.

Búið notar kalt vatn frá eigin vatnsbóli í landi Fiskilækjar í Melasveit. Vatnsleiðslan er um 5 km. löng frá brunninum. Ekki er vitað nákvæmlega um heildarnotkun á köldu vatni sem nýtt er hverju sinni og er það því áætlað miðað við framleiðslu, þvott og neyslu starfsmanna.

Hræ svína sem drepast og þeirra sem þarf að aflífa á eldistímanum voru keyrð í gámum á viðurkennda urðunarstöð Sorpu í Álfsnesi í Reykjavík. Losun seyra á sér stað á vorin og haustin samkvæmt starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og fer losun fram á landssvæði í eigu félagsins sem og nágretta sem þess óska eins og áður sagði.

Stjórn fyrirtækisins staðfestir hér með upplýsingar sem fram koma í skýrslu þessari.

Saltvík 24.6.2024

Fh.
Stjórnar Stjörnugríss hf,

Geir G Geirsson
Kt: 240271-4199

2. Ályktun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa Stjórnuvríss hf.

Ályktun

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Stjórnuvríss hf. Byggt á þeim aðgerðum, sem framkvæmdar voru og þeim gögnum sem var aflað, er ekkert sem komið hefur fram sem bendir til þess að grænt bókhald Stjórnuvríss hf. sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins í samræmi við kröfur reglugerðar nr. 851/2002.

Markmið og umfang vinnu

Markmið staðfestingarvinnu okkar felur í sér skoðun á grænu bókhaldi Stjórnuvríss hf. í þeim tilgangi að gefa ályktun um takmarkaða vissu á grænu bókhaldi Stjórnuvríss hf.

Við höfum yfirfarið grænt bókhald Stjórnuvríss hf. fyrir árið 2023 og borið það saman við fjárhagsbókhald félagsins.

Grundvöllur ályktunar

Við höfum framkvæmt skoðun okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISAE 3410 sem á við um staðfestingarvinnu á grænu bókhaldi. Markmið staðfestingarvinnunnar er að veita takmarkaða vissu. Ábyrgð okkar samkvæmt staðlinum er lýst nánar í kaflanum “Ábyrgð endurskoðanda” í þessari skýrslu.

Við teljum að þær upplýsingar sem við höfum aflað séu fullnægjandi og viðeigandi sem grundvöllur ályktunar okkar.

Óhæði og gæðastýring

Við erum óháð Stjórnuvríss hf. í samræmi við viðeigandi íslensk lög og siðareglur endurskoðenda.

Við fylgjum alþjóðlegum staðli um gæðastjórnun, ISQM 1 og í samræmi við það er alhliða kerfi gæðaeftirlits viðhaldið, þar með talið skjalfestar stefnur og verklagsreglur varðandi fylgni við siðferðisleg gildi, alþjóðlega staðla og aðrar viðeigandi kröfur laga og reglugerða.

Önnur atriði

Staðfestingarvinna okkar felur ekki í sér vissu um aðrar upplýsingar í skýrslu Stjórnuvríss hf. um grænt bókhald fyrir árið 2023 en þær sem að ofan greinir. Ályktun nær ekki til annarra upplýsinga og við staðfestum þær ekki á neinn hátt.

Ábyrgð stjórnar

Stjórn Stjórnuvríss hf. ber ábyrgð á að framsetning græns bókhalds Stjórnuvríss hf. sé í samræmi við fjárhagsbókhald félagsins, og einnig skilgreiningu fyrirhugaðra notenda og viðeigandi viðmiða sem liggja til grundvallar. Enn fremur ber stjórn ábyrgð á því að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar framsetningu á grænu bókhaldi Stjórnuvríss hf. þannig að grænt bókhald félagsins

sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar snýr að því að skipuleggja og framkvæma staðfestingarvinnu þannig að nægjanleg víska fáist um að grænt bókhald Stjórnugríss hf. sé án verulegra annmarka til að byggja ályktun okkar á.

Ályktun okkar miðar að því að veita takmarkaða vísu. Aðgerðirnar sem framkvæmdar voru í þessu samhengi fólust fyrst og fremst í fyrirspurnum til stjórnenda og starfsmanna félagsins og mati á áreiðanleika upplýsinga sem liggja til grundvallar grænu bókhaldi Stjórnugríss hf. Takmörkuð víska veitir ekki eins mikla vísu líkt og fæst af staðfestingarverkefnum þar sem aflað er hæfilegrar vísu.

Skekkjur geta ýmist verið vegna mistaka eða sviksemi. Þær eru taldar verulegar ef þær eru, bæði að hluta og í heild, taldar hafa áhrif á ákvarðanatöku notanda skýrslunar byggða á grænu bókhaldi Stjórnugríss hf. Mikilvægismörk hafa áhrif á eðli, tímasetningu og umfang staðfestingarvinnunnar og mat á áhrifum óleiðréttá mismuna á ályktun okkar.

Reykjavík 24. júní 2024

Magnús Mar Vignisson
Löggiltur endurskoðandi

3. Almennar upplýsingar.

Starfsleyfishafi, gildistími og eftirlit.

Starfsleyfishafi er Stjörnugrís hf. Melum, Hvalfjarðarsveit, 301 Akranesi kt. 600667- 0179.

Útgefandi starfsleyfis fyrir Stjörnugrís hf. er Heilbrigðiseftirlit Vesturlands en Umhverfisstofnun hefur tekið yfir sem eftirlitsaðili á haustmánuðum 2018

Númer fyrirtækjaflokks samkvæmt fylgiskjali með reglugerðinni er: **6.6. liður b.**

Í stjórn Stjörnugrís hf. sitja eftirfarandi aðilar:

Geir Gunnar Geirsson Vallá, 116 Reykjavík kt. 070845 - 2619

Hjördís Gissurardóttir Vallá, 116 Reykjavík kt. 171250 - 2269

Geir Gunnar Geirsson Þrastarhöfða 37, 270 Mosfellsbær kt. 240271 - 4199

Starfsemi fyrirtækisins er svínarækt og er svínabú fyrirtækisins að Melum með starfsleyfi fyrir 8.000 stæði fyrir alisvín frá 30 – 100 kg þ.e framleiðslu u.þ.b. 35.000 slátursvín á ári. Með því að auka þekkingu og skilning starfsmanna, og með stöðugum umbótum í umhverfismálum, stefnir Stjörnugrís hf. að því að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið, hámarksnýta hráefni (fóður, orku og vatn bæði heitt og kalt) og minnka úrgang eftir því sem frekast er unnt.

Þessir þættir starfseminnar verða þungamiðja upplýsingaöflunar okkar fyrir “Grænt bókhald” fyrirtækisins í framtíðinni. Það er stefna Stjörnugrís hf. að allir þættir í starfsemi fyrirtækisins séu í fullri sátt við umhverfi sitt. Fyrirtækið umgengst auðlindir og umhverfi af ábyrgð og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem gilda. Við stefnum að hámarksnýtingu hráefna og orkugjafa. Við losun úrgangs er þess fyllilega gætt að hann valdi ekki skaða í náttúru eða umhverfi. Starfsmenn fyrirtækisins eru meðvitaðir um umhverfisstefnu þess og framfylgja henni í samráði við stjórnendur og eigendur fyrirtækisins.

Stjörnugrís hf. vill vera umhverfisvænt fyrirtæki. Með því tekur það þátt í þeirri ábyrgð að skila heilbrigðu umhverfi til næstu kynslóða. Tilgangur með umhverfisstefnu og “Grænu bókhaldi” okkar er fjórþættur:

- Lágmarka losun á óæskilegum úrgangi frá starfseminni út í umhverfið.
- Auka nýtingu vatns og orku t.d. með innlendum orkugjöfum.
- Bæta hráefnisnýtingu eftir því sem kostur er (t.d. fóður og vítamín)
- Að vera snyrtilegur starfsvettvangur sem sé umhverfinu, eigendum og starfsmönnum okkar til sóma.

4. Almennt um umhverfisstefnu Stjörnugrís hf.

Við hjá Stjörnugrís hf. munum kappkosta að fylgjast með breytingum á lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál. Við munum fræða, þjálfa og hvetja alla starfsmenn okkar til að vinna verk sín á umhverfisvænan hátt ásamt því að vakta og stýra mikilvægum umhverfisþáttum til að lágmarka óæskileg umhverfisáhrif af völdum starfseminnar.

Við ætlum okkur að framkvæma þetta m.a. með því að:


- Vinna stöðugt að bættri nýtingu orku og hráefna
- Lágmarka loftmengun og rykmengun eins og kostur er.
- Lágmarka magn líkamsleifa sem fara til urðunnar.
- Lágmarka hættu á jarðvegsmengun af völdum úrgangs s.s. saur, hland og líkamsleifa.

Jafnframt þessu munum við taka fullt tillit til umhverfisáhrifa þegar eftirfarandi þættir starfseminnar fara fram:

- Val á nýjum framleiðsluferlum.
- Vörupróun og markaðssetningu afurða okkar til neyslu í nærumhverfi.
- Minnkun á plastnotkun, úrgangi og sorpi við öll innkaup og starfsemi.
- Innkaup á hráefnum til framleiðslunnar og nýtingu á innlendu hráefni.
- Sölu afurða til viðskiptavina.
- Framkvæmdir við viðhald og nýbyggingar á staðnum
- Færa grænt bókhald og birta í ársskýrslu fyrirtækisins.
- Endurskoða umhverfisstefnuna reglulega með úrbætur í umhverfismálum að leiðarljósi.
- Lágmarka kolefnisfótspor félagsins með gróðursetningu trjáa og endurheimt votlendis þar sem völ er á.

5. Lykiltölur um umhverfismál – Hráefnis- og auðlindanotkun.

Framleiðsluferill starfseminnar er þessi:



Brimnes:

Bjarnastaðir:

Vallá:

Sléttaból:

Brautarholt

Melar í Melasveit:

Saltvík:

Framleiðsla unggyltna.

Framleiðsla smágrísa.

Framleiðsla smágrísa.

Framleiðsla smágrísa.

Grísaeldi 7 – 100 kg.

Grísaeldi 7 – 100 kg.

Sláturhús

Hráefni, auðlindir, orka og úrgangur:

Eftirfarandi upplýsingar eru m.a. fengnar úr bókhaldi félagsins fyrir 2023 í samanburði við sambærilegar upplýsingar fyrir árin á undan.

Hér koma upplýsingar um meginnotkun fyrirtækisins á hráefnum, orku, jarðhitavatni og köldu vatni á bókhaldstímabilinu sbr. 7 gr. reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald. Þá er enn fremur hér að finna tölulegar upplýsingar um urðun líkamsleifa og losun úrgangsefna (seyra).

Framleiðsla	Tonn	2.356
Rafmagn	kWh	1.259.564
Fóðurnotkun	Tonn	7.138
Heitt vatn	m ³	36.335
Kalt vatn	m ³	20.239
Seyra	Tonn	17.620
Líkamsleifar	Tonn	35

Undirritunarsíða

Skýrslur & staðfestingarbréf til undirritunar
Geir Gunnar Geirsson

Magnús Mar Vignisson